

Huga þarf að mörgum þáttum þegar kemur að því að skila verkefnum. Hluti af mati verkefnis ykkar er frágangur og útlit. Það skiptir máli að verkefnið sé vel læsilegt og snyrtilegt, að það sé sett rétt upp og að heimildir séu rétt skráðar.

Við mat á frágangi lokaverkefnisins ykkar verður meðal annars tekið tillit til atriðanna sem eru talin upp hérna að neðan.

Þegar þið teljið ykkur vera tilbúin með verkefnið skuluð þið fara yfir verkefnið einu sinni enn og *tikka í kassana* ef allt er klárt.

### Gátlisti:

- Ertu búin/nn að fá einhvern til þess að lesa ritgerðina þína yfir fyrir þig?
- Ert þú búin/nn að lesa ritgerðina upphátt?
- Er leturstærð 12 pt?
- Er línubil 1,5? Ath. heimildaská og forsíða eiga að vera með einfalt línubil.
- Er inndráttur heimildaskrár hangandi (hanging), þ.e. að aðrar línur en fyrsta lína í heimildaskráningu eru inndregnar um 0,5-0,75?
- Er leturgerð annað hvort Times New Roman eða Arial?
- Er efnisyfirlit til staðar og rétt?
- Eru kaflaheitin rétt og lýsandi. Eru kaflarnir númeraðir?
- Er blaðsíðutalið til staðar og rétt (neðst á síðu miðju- eða hægrijafnað)?  
Blaðsíðunúmer á ekki að vera á forsíðu.
- Fylgir ritgerðin sannarlega APA heimildaskráningarkerfinu?
- Eru allar tilvísanir réttar?
- Eru allar heimildir sem er vísað til í textanum pottþétt skráðar í heimildaskrána?
- Eru allar heimildir í heimildaskrá rétt skráðar og í stafrófsröð?
- Er tilvísun í allar heimildir í heimildaskrá í textanum?

- Eru greinaskil á réttum stöðum og annaðhvort með inndreginni fyrstu línu eða auðri línu (ekki blanda saman)?
- Er ritgerðin laus við innsláttar- og stafsetningarvillur? - Athugið að nota t.d. [Skramba](#) eða [Málið](#) o.s.frv.
- Er ritgerðin rétt málfarslega? Komið þið hugsun ykkar til skila?
- Er alltaf stór stafur í upphafi málsgreinar (á eftir punkti)?
- Er forsíðan samkvæmt sniðmáti? Eru nöfn bæði umsjónarkennara og leiðbeinanda á forsíðu?
- Ertu búin/nn að laga allt sem þarf að laga?